

## Umferðarmál í öndvegi

Til : Helga Stefánsdóttir; Erlendur Árni Hjálmarsson; Dagur Jónsson  
Frá : Sigurður Haraldsson  
Heiti : Umferðarmál í öndvegi  
Málsnúmer : 1502096  
Málsaðili : Samgöngustofa  
Skráð dags : 04.02.2015 16:25:07  
Höfundur : Sigurður Haraldsson

**From:** Steinunn Þorsteinsdóttir

**Sent:** 4. febrúar 2015 16:22

**To:** Bjarki Jóhannesson; Haraldur Línadal Haraldsson; Kristján Sturluson; Magnús Baldursson; Rannveig Einarsdóttir; Rósa Steingrímsdóttir; Sigurður Haraldsson

**Subject:** FW: Umferðarmál í öndvegi

## Umferðarmálin í öndvegi

### Umferðarþing og samgönguþing verða haldin fimmtudaginn 19. febrúar

Umferðar- og samgönguþing verða haldin fimmtudaginn 19. febrúar í Hörpu í Reykjavík. Þingin eru skipulögð af innanríkisráðuneytinu, samgönguráði og Samgöngustofu. Umferðarþingið verður haldið milli klukkan 9 og 12.15 en samgönguþingið stendur frá klukkan 13.15 til 17.

Ólöf Nordal innanríkisráðherra mun ávarpa samgönguþingið í upphafi og síðan flytja sérfræðingar erindi á báðum þingunum og gefinn verður góður tími til umræðna og fyrirspurna.

### Umferðarþing

Meðal erinda á umferðarþingi má nefna erindi Guðbjargar Kristínar Ludvígsdóttur lækni þar sem m.a. er svarað spurningunni hvort fatlaðir vegfarendur búi við sama öryggi í umferðinni og aðrir. Kristín Sigurðardóttir lækni og Ágúst Mogensen rannsóknarstjóri umferðarslysa hjá Rannsóknarnefnd samgönguslysa munu m.a. fjalla um þróun umferðarslysa, áhrifavalda og hvernig orsakir og eðli umferðarslysa hafa breyst. Kynntar verða niðurstöður rannsóknarskýrslu um slys á hjólandi vegfarendum (óvarða vegfarendur). Haraldur Sigþórsson deildarstjóri öryggisáætlana hjá Samgöngustofu og Jóhanna B. Hansen bæjarverkfræðingur Mosfellsbæjar fjalla um umferðaröryggisáætlanir sveitarfélaga.

### Samgönguþing

Aðal umfjöllunarefni samgönguþings er samgönguáætlun 2015 til 2026 og munu bæði Ólöf Nordal innanríkisráðherra og Birna Lárusdóttir, formaður samgönguráðs, fjalla um áherslur, stefnu og meginmarkmið áætlunarinnar. Einnig verður fjallað um umhverfismat hennar og fjármögnun verkefna. Í lokin verða pallborðsumræður með þátttöku fulltrúa samgönguráðs.

### Skráning

Skráning er hafin og geta þátttakendur skráð sig á *vef Samgöngustofu* annað hvort á umferðarþing eða samgönguþing eða bæði þingin. Skráningargjald er kr. 2.500 og er hádegishressing innifalin auk

kaffiveitinga.

Dagskrár umferðarþings og samgönguþings eru birtar með fyrirvara um mögulegar breytingar.

Sveitarstjórnarfólk er hvatt til að mæta.

[www.samgongustofa.is/umferdarthing](http://www.samgongustofa.is/umferdarthing)

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)